

Aðalfundur Norðurorku hf. – Fundargerð

25. aðalfundur - 20. apríl 2026 kl. 14:00 – 14:30

Haldinn í Menningarhúsinu Hofi

Handhafar hlutafjár:

Akureyrarbær,	98,2682%,
Eyjafjarðarsveit,	0,1181%,
Grýtubakkahreppur,	0,1817%,
Hörgársveit,	0,7961%,
Svalbarðsstrandarhreppur	0,4542%
Þingeyjarsveit,	0,1817%,

Formaður stjórnar, Hlynur Jóhannsson, setti fund og bauð hluthafa og aðra fundargesti velkomna á aðalfund Norðurorku hf. Hlynur lagði til að Ásgeir Blöndal yrði fundarstjóri og Erla Friðbjörnsdóttir ritari. Ekki komu fram aðrar tillögur og voru þau því rétt kjörin.

Ásgeir tók við fundarstjórn. Hann þakkaði það traust sem honum og ritara væri sýnt. Að svo mæltu kannaði fundarstjóri lögmati fundarins. Ekki komu fram athugasemdir við fundarboðunina. Mættir voru fulltrúar með umboð fyrir 99,2% hluti í félaginu. Ásthildur Sturludóttir f.h. Akureyrarbæjar, Anna Karen Úlfarsdóttir f.h. Svalbarðsstrandarhrepps, Gísli Gunnar Oddgeirsson f.h. Grýtubakkahrepps, Finnur Yngvi Kristinsson f.h. Eyjafjarðarsveitar og Knútur Emil Jónasson f.h. Þingeyjarsveitar. Ekki mætti fulltrúi frá Hörgársveit.

Að þessum upplýsingum fengnum lýsti fundarstjóri fundinn löglegan og tilkynnti að gengið yrði til dagskrár :

1. Fundarsetning, kjör fundarstjóra og fundarritara.
2. Stjórn félagsins skýrir frá hag félagsins og rekstri þess á starfsárinu 2024.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til samþykktar ásamt skýrslu endurskoðanda og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu og um arðgreiðslur og framlög í varasjóð.
4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins
5. Tekin ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna.
6. Kosning stjórnar félagsins sbr. 16. grein.
7. Kosning endurskoðanda sbr. 20. grein.
8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

2. Skýrsla stjórnar

Fundarstjóri tilkynnti að umræður og fyrirspurnir um 1. og 2. dagskrárlíð yrðu eftir að ársreikningur hefði verið lagður fram og skýrður.

Fundarstjóri gaf Hlyni Jóhannssyni formanni stjórnar Norðurorku hf. orðið. Hlynur flutti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu þætti í rekstri félagsins á liðnu starfsári en gat þess að Þorsteinn Þorsteinsson endurskoðandi félagsins færi nánar í gegnum reikninga samstæðunnar. Sagði Hlynur að á árinu 2025 væru jákvæðar breytingar í rekstrinum sem sjá megi í bætingu helstu mælikvarða. EBITDA og veltufjárhlutfall hækka, eiginfjárhlutfall styrkist og

lausafjárstaða í árslok var góð. Veltufjárhlutfall er komið yfir einn og er það vel. Fjárfestingar eru miklar og verða það áfram. Þær þarf að fjármagna með lántöku að einhverju leyti og það er mikilvægt að afkoman sé góð, sérstaklega á meðan félagið stendur frammi fyrir miklum fjárfestingum. Tekjur aukast um 3,5% á milli ára en á sama tíma hækka rekstrargjöld um 9,3%. Munar þar mest um afskriftir vegna borholu í Ólafsfirði sem ekki skilaði árangri. Hlynur greindi frá því að Vistorka var lögð niður á árinu 2025 í samræmi við stjórnarákvörðun þar um og sömuleiðis að hlutir Norðurorku í Tengi ehf. og Skógarböðum ehf. voru seldir. Í kjölfar þess að Akureyrarbær samþykkti eigandastefnu sína var hafin skoðun á áhrifum þess á samþykktir Norðurorku. Einnig var tímabært að samþykktir félagsins yrðu samræmdar þeim lagabreytingum sem orðið hafa frá því samþykktirnar voru settar. Hlynur þakkaði starfsfólki Norðurorku fyrir gott framlag og þakkaði jafnframt stjórn félagsins fyrir gott og farsælt samstarf.

Eyþór Björnsson forstjóri fór yfir nokkur atriði í rekstri félagsins á liðnu ári, helstu verkefni og helstu áskoranir sem félagið stendur frammi fyrir á næstu árum. Sagði forstjóri félagið standa á sterkum fjárhagslegum grunni með sterka eiginfjárfstöðu og burði til að takast á við þau krefjandi verkefni sem fram undan eru.

Sagði Eyþór að stjórnvöld og samfélagið allt væru að átta sig æ betur á mikilvægi veitna sem ómissandi innviða. Sagði hann að öryggi raforkukerfa, vatnveitna og vatnsbóla, hitaveitna, fráveitna og stafrænna kerfa væri ekki lengur eingöngu rekstrarlegt viðfangsefni orku- og veitugeirans heldur hluti af þjóðaröryggi. Aföll í einhverjum hluta þessara kerfa geta haft víðtæk áhrif á daglegt líf fólks og alla grunnþjónustu eins og heilbrigðiskerfi, atvinnulíf og samgöngur. Sagði Eyþór nauðsynlegt að taka tillit til breyttrar heimsmyndar þegar gerðar eru áætlanir og teknar eru ákvarðanir um forgangsöröðun fjárfestinga og horfa þurfi til þessa þegar gerðar eru áætlanir um mannaflapörf og hæfni starfsfólks. Eyþór þakkaði hluthöfum og stjórn ánægjulegt samstarf á árinu og þakkaði starfsfólki fyrir góð störf.

3. Ársreikningur

Fyrir aðalfundinum liggur endurskoðaður og áritaður ársreikningur Norðurorku hf. samstæðunnar fyrir árið 2025. Fundarstjóri óskaði eftir að endurskoðandi félagsins Þorsteinn Þorsteinsson færi yfir og skýrði ársreikninginn.

Þorsteinn fór yfir ársreikninginn og vakti athygli á áritun endurskoðenda sem er án fyrirvara. Vakti hann athygli á tillögu um að ekki verði greiddur arður af hlutafé fyrir árið 2025. Þorsteinn rakti að því búnu helstu fjárhagsstærðir reikninganna.

Rekstrartekjur voru 5.981 millj. kr., rekstrargjöld 4.771 millj. kr., þ.m.t. afskriftir. Hagnaður fyrir fjármagnsliði var 1.210 millj. kr. Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld voru neikvæð um samtals 335 millj. kr. Hagnaður fyrir skatta að teknu tilliti til áhrifa hlutdeildarféлага var 958 millj. kr. Tekjuskattur var neikvæður um 72 millj. kr. og hagnaður ársins 887 millj. kr. Heildarefnahagur er 21,4 milljarðar. Eigið fé í árslok var 11.740 millj. kr. og heildarskuldur 9.711 millj. kr.

Í sjóðstreymi kemur fram að handbært fé frá rekstri nam 1.880 millj. kr. Fjárfestingar ársins voru mestar í hitaveitu- og fráveitukerfi, en alls voru fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum rúmlega 2 milljarðar. Fjármögnunarahreyfingar voru neikvæðar um 187 millj. kr., tekin voru ný lán kr. 300 millj. á árinu og handbært fé í árslok var 348 millj. kr.

Fundarstjóri kallaði eftir umræðum eða fyrirspurnum um skýrslu stjórnar og ársreikning.

*Borin var upp tillaga um að hagnaður ársins verði færður á óráðstafað eigið fé.
Tillaga um að hagnaður verði færður á óráðstafað eigið fé samþykkt samhljóða.*

*Einnig var borin upp tillaga um að ekki verði greiddur arður af hlutafé.
Tillaga um að ekki verði greiddur arður af hlutafé samþykkt samhljóða.*

*Reikningar félagsins voru síðan bornir upp til samþykktar.
Reikningar samþykktir samhljóða.*

4. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins

Fundarstjóri býður stjórnarformanni að taka til máls.

Stjórnarformaður rifjar upp að samþykktir voru settar 2008 og því rétt að uppfæra þær og einnig í ljósi eigandastefnu Akureyrarbæjar. Greinarnar uppfærðar til dagsins í dag svo þær passi betur við félagið.

Fundarstjóri tekur fram að tillögur liggja fyrir, þær voru sendar hluthöfum til athugasemda 3. mars og kynntar á eigendafundi 9. apríl. Endanleg tillaga send 13. apríl. Fundarstjóri lagði til að breytingarnar yrðu bornar upp í heild sinni og gaf orðið laust.

Sveitarstjóri Eyjafjarðarsveitar tekur til máls. Nefnir umræður minni eigenda varðandi áheyrnarfulltrúa þar sem hafi verið skiptar skoðanir. Áherslan orðin meiri á eigendafundi svo niðurstaðan varð sú að leggja ekki fram breytingartillögur, enda jákvætt að skert sé á samskiptum við eigendur í gegnum eigendafundi.

Stjórnarformaður tekur aftur til máls varðandi áheyrnarfulltrúann. Ákvæði um hann hafi heldur ekki verið í samþykktum frá árinu 2008 svo það var í rauninni ekki skv. samþykktunum að bæta áheyrnarfulltrúa við stjórnarfundi.

*Engar athugasemdir voru gerðar við að breytingartillögur væru bornar upp í heild sinni.
Tillaga um breytingar á samþykktum Norðurorku hf. var samþykkt án mótatkvæða.*

5. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Fundarstjóri sagði að ein tillaga hefði borist um stjórnarlaun þess efnis að stjórnarlaun verði óbreytt frá fyrra ári þ.e. að þau verði frá aðalfundi 2026 til aðalfundar 2027 kr. 150.000,- á mánuði og tvöföld sú upphæð til formanns. Varamenn fái greiddar kr. 75.000,- fyrir setinn fund. Ekki komu fram fleiri tillögur og engin tók til máls.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

6. Kosning stjórnar

Fundarstjóri sagði að ein tillaga hefði borist um stjórnarmenn. Tillagan er svohljóðandi:

Aðalmenn:

Heimir Örn Árnason kt. 050579-5069, Þrumutúni 8, 600 Akureyri

Geir Kristinn Aðalsteinsson kt. 070275-5629, Tungusíðu 15, 603 Akureyri
Hilda Jana Gísladóttir kt. 170876-3509, Grundargerði 8a, 600 Akureyri
Hlynur Jóhannsson kt. 300168-4859, Fornagili 11, 603 Akureyri
Sóley Björk Stefánsdóttir kt. 090773-3489, Ásatúni 28, 600 Akureyri

Varamenn:

Inga Dís Sigurðardóttir kt. 280383-3099, Vættagili 32, 603 Akureyri
Jana Salóme Ingibjargar Jósepsdóttir kt. 080191-3169, Hafnarstræti 23, 600 Akureyri
Sindri Kristjánsson kt. 090584-8129, Vanabyggð 6e, 600 Akureyri
Víðir Benediktsson kt. 101259-5799, Jötunfelli, 603 Akureyri
Þórhallur Harðarson kt.

Ekki komu fram aðrar tillögur og skoðast framangreindir aðilar því rétt kjörnir í stjórn.

Fundarstjóri tekur fram að tillögu þessari fylgir að ekki verði áheyrnarfulltrúi minni hluthafa í stjórn.

Tillagan var samþykkt án mótatkvæða.

7. Kosning endurskoðenda

Fundarstjóri bar upp tillögu stjórnar um að KPMG endurskoðun, Þorsteinn G. Þorsteinsson Akureyri verði endurskoðandi félagsins.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

8. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni, sem löglega eru upp borin

Engin önnur mál voru til umræðu.

Að því búnu þakkaði fundarstjóri fyrir góðan fund og sleit fundi kl. 14:30.

Fundarstjóra og fundarritara var falið að ganga frá fundargerð og rita þau undir hana með rafrænt vottuðum hætti.

Fundarstjóri

Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson

Fundarritari

Erla Friðbjörnsdóttir